



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SJÁLFSTJÓRN GRÆNLENDINGA HÁTÍÐARHÖLD Í NUUK**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa þegið boð grænlesku heimastjórnarinnar og grænleska þingsins um að vera viðstödd hátíðarhöld á þjóðhátíðardegi Grænleendinga, sunnudaginn 21. júní, vegna þeirra tímamóta sem nú verða í sjálfstjórn Grænleendinga.

Margrét Danadrottning, Hinrik prins, Friðrik krónprins og María krónprinsessa verða einnig viðstödd hátíðarhöldin sem og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir forseti Alþingis, sendimenn erlendra ríkja og fulltrúar annarra þjóða.

Dagskrá hátíðarhaldanna hefst að morgni sunnudagsins með skruðgöngu og hátíðarguðþjónustu í Frelsakirkjunni í Nuuk. Kl. 10:30 að staðartíma hefst athöfn í grænleska þinghúsinu til staðfestingar á lögum um sjálfstjórn Grænleendinga. Eftir hádegið verður m.a. opnuð viðamikil sýning tengd grænleskum mennta- og menningarmálum. Dagskránni lýkur með hátíðarkvöldverði. Í aðdraganda hátíðardagskrárinnar verður opnuð vörusýning laugardaginn 20. júní.

Forseti Íslands mun jafnframt heimsækja tvær stofnanir meðan á dvöl hans á Grænlandi stendur, Náttúrufræðastofnun Grænlands og Veðurstofuna. Þar mun hann kynna sér rannsóknir sem tengdar eru loftslagsbreytingum og bráðnun jökla á Grænlandi.

*19. júní 2009.*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*